

## REGLUGERÐ

### um tunnoverksmiðjur ríkisins.

180

11. okt.

#### 1. gr.

Ríkisstjórnin setur á stofn og starfrækir tunnoverksmiðjur á Akureyri og Siglufirði. Skulu verksmiðjurnar vera eign ríkisins, en reknar sem sjálfstætt fyrirtæki, með sérstöku reikningshaldi, en á ábyrgð ríkissjóðs. Stofnunin heitir „Tunnoverksmiðjur ríkisins“.

#### 2. gr.

Tunnoverksmiðjur ríkisins skulu hafa það verkefni, að smíða tunnur undir sild, og aðrar vörur, sem húa þarf um í tunnum, til útflutnings eða sölu innanlands. Skal stefnt að því, að innlend tunnuframleiðsla geti, svo fljótt sem kostur er, fullnægt þörfum íslenzkra sildarframleiðenda um góðar og hæfilega stórar tunnur við samkeppnisfæru verði.

#### 3. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar þriggja manna stjórn fyrir verksmiðjurnar og þrjá til vara. Skal stjórnin skipuð til þriggja ára í senn. Ráðherra skipar stjórnarformann og ákveður laun stjórnarmanna.

Verksmiðjustjórnin ræður framkvæmdastjóra, er hafi aðsetur á Siglufirði, og verksmiðjustjóra, er hafi aðsetur á Siglufirði eða Akureyri.

Framkvæmdastjóri hefur á hendi reikningshald verksmiðjanna og fjármál, sér um innkaup á efni og sölu á smíðuðum tunnum eftir því, sem stjórnin felur honum. Framkvæmdastjóri hefur prókúruumboð fyrir verksmiðjurnar og skuldbindur þær, eftir reglum um prókúru, nema öðruvísi sé ákveðið.

Verksmiðjustjóri hefur á hendi daglega stjórn á verksmiðjurekstrinum, ásamt ráðningu starfsmanna í verksmiðjurnar í samráði við framkvæmdastjóra.

Verksmiðjustjóri skal vera ráðunautur stjórnarinnar um allt, er lýtur að efniskaupum, og annað, er snertir tunnugerð og kaup á vinnuvélum.

Verksmiðjustjórnin setur framkvæmdastjóra og verksmiðjustjóra erindisbréf, og ákveður starfssvið þeirra og laun.

#### 4. gr.

Til að skuldbinda verksmiðjurnar þarf undirskrift tveggja stjórnarmanna.

#### 5. gr.

Verksmiðjustjórnin hefur á hendi allar ákvarðanir varðandi nýbyggingar, véla-kaup, innkaup á efni, skipaleigur svo og sölu á smíðuðum tunnum. Allar meiri háttar ákvarðanir skulu gerðar í samráði við ráðherra. Verksmiðjustjórnin skal gera áætlun um reksturinn ár hvert.

#### 6. gr.

Selja skal tunnurnar sildarframleiðendur eða stofnunum, sem hafa á hendi sölu sildar eða annarra vörutegunda, sem geyma þarf í tunnum. Skulu tunnurnar seldar við kostnaðarverði, að viðbættu gjaldi í varasjóð verksmiðjanna, sem skal vera 5% af söluverði allra tunna sem verksmiðjurnar selja.

#### 7. gr.

Varasjóð verksmiðjanna má nota sem rekstrarfé að nokkru eða öllu leyti, ef nauðsynlegt er, enda skal þá greiða 4% vexti í varasjóð.